

Íslandsspil sf.
Samandreginn ársreikningur 2020

Íslandsspil sf.
Smiðjuvegi 11a
200 Kópavogi

kt. 671293-2589

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Sjóðstreymisyfirlit	7
Skýringar	8

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Tilgangur félagsins er að reka söfnunar- og spilakassa og aðra fjáröflunarstarfsemi fyrir eigendur félagsins.

Hagnaður varð af rekstri félagsins á árinu 2020 að fjárhæð 263,2 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé félagsins nam í árslok 419,8 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi.

Covid-19 heimsfaraldurinn sem nú gengur yfir hefur haft mjög neikvæð áhrif á rekstur félagsins en tekjur félagsins hafa dregist verulega saman frá upphafi faraldursins. Veruleg óvissa ríkir enn um endanleg áhrif faraldursins á félagið en þau ráðast meðal annars af því hversu lengi hann varir, hvort þær ráðstafanir sem stjórnendur hafa gripið til skili tilætluðum árangri og hve lengi núverandi efnahagssamdráttur varir. Áhrifin á rekstur félagsins hafa verið umtalsverð vegna tímabundinnar lokunar söfnunarkassa. Það er mat stjórnenda félagsins að ekki sé unnt á þessum tímapunkti að leggja mat á endanleg áhrif á félagið í ljósi framangreindrar óvissu. Félagið hefur brugðist við þessum aðstæðum meðal annars með því að draga úr kostnaði og með því að gera áætlanir út frá mismunandi sviðsmyndum. Þrátt fyrir óvissuna telja stjórnendur ekki leika vafa á rekstrarhæfi félagsins.

Eigendur í árslok voru þrír talsins og breyttist fjöldi þeirra ekki árinu. Í árslok skiptust eignarhlutir í félaginu með eftirfarandi hætti:

	Eignarhluti
Rauði krossinn á Íslandi	64,00%
Slysavarnafélagið Landsbjörg	26,50%
SÁÁ	9,50%

Eigendur félagsins hafa eftir lok reikningsskiladags gengið frá samningi sín á milli sem felur í sér úrsögn SÁÁ úr félaginu. Samkvæmt samningnum gefur SÁÁ eftir 9,5% eignarhlut sinn í félaginu og framselur hann til annarra eigenda þess þannig að eignarhlutur hvors um sig hækkar um 4,75%.

Stjórn og framkvæmdastjóri Íslandsspila sf. staðfesta hér með ársreikning félagsins með undirritun sinni.

Kópavogur, 19. apríl 2021

Stjórn:

Framkvæmdastjóri:

Áritun óháðs endurskoðanda

Meðfylgjandi samandreginn ársreikningur fyrir Íslandsspil sf. er byggður á ársreikningi félagsins fyrir árið 2020. Með ársreikningnum fylgdi eftirfarandi áritun frá okkur:

Til stjórnar og eigenda Íslandsspila sf.

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Íslandsspila sf. („félagið“) fyrir árið 2020. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2020 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2020, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við gildandi siðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins, frh.:

- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykavík, 19. apríl 2020

KPMG ehf.

Rekstrarreikningur árið 2020

	Skýr.	2020	2019
Rekstrartekjur			
Tekjur af söfnunarkössum		683.554.526	1.239.768.723
Umboðslaun	(	128.218.941)	(239.317.660)
Aðrar tekjur		0	3.000.000
		<u>555.335.585</u>	<u>1.003.451.063</u>
Rekstrargjöld			
Laun og annar starfsmannakostnaður		102.330.922	111.878.110
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		7.783.361	16.101.371
Annar rekstrarkostnaður		72.626.165	67.469.136
Sérverkefni		11.088.579	10.241.177
Afskriftir	2	100.766.429	109.927.451
		<u>294.595.456</u>	<u>315.617.245</u>
Rekstrarhagnaður		260.740.129	687.833.818
Fjármunatekjur		3.086.334	5.102.959
Fjármagnsgjöld	(	620.631)	(1.678.132)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals		<u>2.465.703</u>	<u>3.424.827</u>
Hagnaður ársins	4	263.205.832	691.258.645

Efnahagsreikningur 31. desember 2020

	Skýr.	2020	2019
Fastafjármunir			
Rekstrarfjármunir:			
Söfnunarkassar		359.977.993	457.106.402
Fasteign		16.411.771	17.082.569
Áhöld og tæki		442.256	668.370
Bifreiðar		8.332.164	7.115.142
	2	385.164.184	481.972.483
Aðrar eignir:			
Sjóðir eftirlits- og umboðsmanna		2.250.000	2.830.000
Varasjóður		80.850.104	76.919.610
		83.100.104	79.749.610
Fastafjármunir samtals		468.264.288	561.722.093
Veltufjármunir			
Kröfur vegna söfnunarkassa		1.490.570	9.657.528
Aðrar skammtímakröfur		699.796	13.359.492
Handbært fé		2.209.131	71.534.672
Veltufjármunir samtals		4.399.497	94.551.692
Eignir samtals		472.663.785	656.273.785
Eigið fé			
Höfuðstóll	6	419.781.560	470.000.728
Eigið fé samtals		419.781.560	470.000.728
Skammtímaskuldir			
Skuld við eigendur		0	50.000.000
Skammtíma lántaka		5.000.000	0
Næsta árs afborganir af langtímalánum	5	0	1.389.760
Ógreidd umboðslaun		5.495.727	23.246.153
Aðrar skammtímaskuldir		42.386.498	111.637.144
Skammtímaskuldir samtals		52.882.225	186.273.057
Skuldir samtals		52.882.225	186.273.057
Eigið fé og skuldir samtals		472.663.785	656.273.785

Sjóðstreymisyfirlit árið 2020

	Skýr.	2020	2019
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður ársins		263.205.832	691.258.645
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Sölutap rekstrarfjármuna		259.500	0
Afskriftir	3	100.766.429	109.927.451
Vaxtatekjur, verðbætur og gengismunur af sjóðum		(2.355.494)	(2.927.393)
Veltufé frá rekstri		361.876.267	798.258.703
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda:			
Skammtímakröfur, lækkun		21.406.654	31.591.572
Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun		(18.798.695)	(49.544.230)
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda		2.607.959	(17.952.658)
Handbært fé frá rekstri		364.484.226	780.306.045
Fjárfestingarhreyfingar			
Fjárfesting í rekstrarfjármunum	3	(72.620.007)	(121.143.135)
Söluverð seldra rekstrarfjármuna		200.000	0
Lagt í varasjóð á árinu	5	(1.575.000)	(3.350.000)
Fjárfestingarhreyfingar		(73.995.007)	(124.493.135)
Fjármögnunarahreyfingar			
Greiðslur til eigenda		(363.425.000)	(666.650.000)
Skammtíma lántaka		5.000.000	0
Afborganir langtímalána		(1.389.760)	(1.226.600)
Fjármögnunarahreyfingar		(359.814.760)	(667.876.600)
Lækkun á handbæru fé		(69.325.541)	(12.063.690)
Handbært fé í ársbyrjun		71.534.672	83.598.362
Handbært fé í lok ársins		2.209.131	71.534.672
Hreyfingar án greiðsluáhrifa			
Fastafjármunir		0	100.212.743
Skammtímaskuldir		0	(100.212.743)

Skýringar

1. Reikningsskilaaðferðir

a. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

b. Rekstrarfjármunir

(i) Færsla og mat

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum.

Hagnaður af sölu rekstrarfjármuna er munurinn á söluverði og bókfærðu verði eignarinnar og er færður í rekstrarreikning meðal annarra tekna.

(ii) Afskriftir

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Söfnunarkassar	6-7 ár
Fasteign	50 ár
Innréttingar	6-7 ár
Áhöld og tæki	5 ár
Bifreiðar	6-7 ár

c. Skammtíma kröfur

Kröfur vegna söfnunarkassa eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign félagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Í rekstrarreikningi ársins eru tekjufærðar 1,3 millj. kr. vegna afskrifaðra krafna og breytingar á niðurfærslu. Niðurfærslan, sem nam í árslok 1,3 millj. kr., er dregin frá kröfunum í efnahagsreikningi.

2. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir og afskriftir, greinast þannig:

	Söfnunar- kassar	Fasteign	Áhöld og innréttingar	Bifreiðar	Samtals
Heildarverð 1.1.2019	755.041.271	33.539.898	2.666.858	19.543.554	810.791.581
Keypt á árinu	221.355.878		0	0	221.355.878
Heildarverð 1.1.2020	976.397.149	33.539.898	2.666.858	19.543.554	1.032.147.459
Keypt á árinu	0	0	0	4.417.630	4.417.630
Selt á árinu	0	0	0	(4.595.000)	(4.595.000)
Heildarverð 31.12.2020	976.397.149	33.539.898	2.666.858	19.366.184	1.031.970.089

Skýringar, frh.:

2. Rekstrarfjármunir, frh.:

Rekstrarfjármunir og afskriftir, greinast þannig, frh.:

	Söfnunar- kassar	Fasteign	Áhöld og innréttingar	Bifreiðar	Samtals
Afskrifað 1.1.2019	413.125.250	15.786.531	1.666.552	9.669.192	440.247.525
Afskrifað á árinu	106.165.497	670.798	331.936	2.759.220	109.927.451
Afskrifað 1.1.2020	519.290.747	16.457.329	1.998.488	12.428.412	550.174.976
Afskrift færð út	0		0 (	4.135.500) (	4.135.500)
Afskrifað á árinu	97.128.409	670.798	226.114	2.741.108	100.766.429
Afskrifað samtals 31.12.2020	616.419.156	17.128.127	2.224.602	11.034.020	646.805.905
Bókfært verð 1.1.2019	341.916.021	17.753.367	1.000.306	9.874.362	370.544.056
Bókfært verð 31.12.2019	457.106.402	17.082.569	668.370	7.115.142	481.972.483
Bókfært verð 31.12.2020	359.977.993	16.411.771	442.256	8.332.164	385.164.184
Afskriftahlutföll	15%	2%	15-20%	15%	

3. Fasteignamat og vátryggingarverð

Fasteignamat fasteignar nam 175,0 millj. kr. í árslok og brunabótamat 160,5 millj. kr. Vátryggingarverðmæti bifreiða, áhalda og tækja nam 1.210,2 millj. kr. í árslok 2020.

4. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	2020	2019
Eigið fé í ársbyrjun	470.000.728	445.392.083
Ráðstafað til eigenda	(313.425.000) (	666.650.000)
Hagnaður ársins	263.205.832	691.258.645
Eigið fé í árslok	419.781.560	470.000.728

Ráðstöfunartekjum er skipt á milli eigenda samkvæmt samkomulagi þeirra á milli eftir að tekið hefur verið tillit til fjárhæðar sem lögð er í varasjóð. Skiptingin var eins og hér segir:

		2020	2019
Rauði krossinn á Íslandi	64,0%	200.592.000	426.656.000
Slysavarnafélagið Landsbjörg	26,5%	83.057.625	176.662.250
SÁÁ	9,5%	29.775.375	63.331.750
	100,0%	313.425.000	666.650.000

Skýringar, frh.:

5. Langtímaskuldir

Verðtryggð langtímalán greinast þannig:

Lánveitandi	Lánsform	Vaxtakjör	2020	2019
	Verðtryggð			
Stafir lífeyrissjóður	skuldabréf	7,50%	0	1.389.760
Næsta árs afborganir			0	(1.389.760)
Langtímaskuldir í efnahagsreikningi			0	0

6. Skuldbindingar

Árið 2017 var gerður samningur um kaup á nýjum söfnunarkössum sem voru afhentir 2018 og 2019, greiðslur vegna samningsins eru mánaðarlegar til 2021. Árið 2018 var gerður þjónustu samningur vegna tölvukerfis til ársins 2027. Skuldbinding vegna samninganna eru áætlaðar um 345,8 milljónir í árslok 2020.